

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. janúar 2024 í máli nr. 79/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 4.000 USD.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 17. ágúst 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi dags. 26. september 2023 sem mótttekið var af varnaraðila degi síðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, reikningur og kvittun vegna pöntunar, ljósmynd af söluhlut og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 5. janúar 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að þann 9. febrúar 2023 pantaði sóknaraðili sérsmíðaðan skáp af varnaraðila í gegnum vefsíðuna [...] og greiddi honum 4.000 USD fyrir með millifærslu inn á reikning varnaraðila. Hafi sóknaraðila borist staðfesting varnaraðila degi síðar á því að hann hefði mótttekið greiðsluna og myndi hefjast handa við smíði skápsins. Samkvæmt framlögðum reikningi varnaraðila skyldi afhendingartími skápsins vera sjö til níu vikum síðar. Að þeim tíma liðnum hafi sóknaraðili ítrekað reynt að hafa samband við varnaraðila til að fá upplýsingar um framvindu smíðinnar en án fullnægjandi svara frá varnaraðila.

Þann 22. júní 2023 barst sóknaraðila tölvupóstur varnaraðila þar sem fram kom að sökum heilsufarsbrests og fjárhagsvandræða hefði varnaraðili ekki getað orðið við pöntun sóknaraðila. Jafnframt upplýsti varnaraðili sóknaraðila að hann hygðist reyna endurgreiða honum kaupverð skápsins fyrir lok ársins 2023. Með tölvupósti 14. júlí 2023 krafðist sóknaraðili fullrar endurgreiðslu að fjárhæð 4.000 USD innan sólarhrings. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili hvorki endurgreitt sóknaraðila kaupverðið né afhent hið keypta.

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila, undir nafni eiginkonu sinnar, í byrjun júlímánaðar 2023 og spurst fyrir um annan sérsmíðaðan hlut til sölu hjá varnaraðila sem og innt eftir því hvort varnaraðili byði upp á sendingu til Bandaríkjanna. Hafi varnaraðili brugðist strax við þeirri fyrirspurn og kvaðst geta

sent hlutinn þangað en hvergi minnst á tafir á afhendingu, fjárhagsvandræði eða heilsufarsbrest sinn. Þegar sóknaraðili hafi upplýst varnaraðila um þetta hafi varnaraðili hætt að svara honum.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili pantaði sérsmíðaðan skáp af varnaraðila í gegnum vefsíðuna [...] þann 9. febrúar 2023 og greiddi 4.000 USD fyrir. Sömdu aðilar svo að afhendingartími skápsins yrði sjö til níu vikur. Með tölvupósti 22. júní 2023 upplýsti varnaraðili sóknaraðila að vegna fjárhagsvandræða og heilsufarsbrests gæti varnaraðili ekki afhent hinn keypta skáp og kvaðst ætla að reyna að endurgreiða sóknaraðila kaupverð hans fyrir árslok 2023. Sóknaraðili óskaði eftir endurgreiðslu kaupverðs með tölvupósti til varnaraðila, dags. 14. júlí 2023, en líta verður svo á að sóknaraðili hafi þann dag rift kaupunum. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili hvorki afhent vöruna né endurgreitt sóknaraðila kaupverðið og verður að leggja það til grundvallar, enda hefur varnaraðili ekki tekið til varna í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegru málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er í lögum nr. 81/2019 átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi selt sóknaraðila sem neytanda, sérsmíðaðan skáp sem varnaraðili selur í atvinnuskyni í skilningi laga nr. 81/2019. Heyrir úrlausn málsins því undir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Þá er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í neytendakaupum í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í málinu liggur fyrir að samningur um kaup á sérsmíðuðum skáp komst á þann 9. febrúar 2023 með greiðslu sóknaraðila að fjárhæð 4.000 USD til varnaraðila. Af málgögnum má ráða að hvorki hefur orðið af efndum varnaraðila né endurgreiðslu kaupverðs þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis. Í ljósi verulegra vanefnda varnaraðila verður fallist á það með sóknaraðila að hann geti rift samningnum og krafist endurgreiðslu úr hendi varnaraðila, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 4.000 USD.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 4.000 USD.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson